

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. október 2024

Mál nr. E-2604/2023:

**A**

(Kristján Ágúst Flygenring lögmaður)

**gegn**

**Sjóvá-Almennum tryggingum hf.**

(Heiður Heimisdóttir lögmaður)

## Dómur

### Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta, sem dómtekið var 25. september 2024, var höfðað 5. apríl 2023 af A, [...], gegn Sjóvá-Almennum tryggingum hf., Kringlunni 5, 103 Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að viðurkennd verði bótaskylda stefnda úr ábyrgðartryggingu ökutækisins [...] vegna líkamstjóns sem stefnandi varð fyrir í umferðarslysi 30. janúar 2022. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda, auk málskostnaðar úr hendi hans.

### Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

- Að kvöldi 30. janúar 2022 var bifreiðinni [...] ekið aftan á bifreiðina [...] er var kyrrstæð á rauðu ljósi og var stefnandi ökumaður síðargreindu bifreiðarinnar. Var bifreiðin [...] tryggð með ábyrgðartryggingu hjá stefnda.
- Næsta dag, 31. janúar 2022, leitaði stefnandi á Læknavaktina. Í læknisvottorði, dags. 17. febrúar 2022, segir um þá komu stefnanda að hann hafi verið með verki í mjóbbaki og eymsli í hálsi. Einnig hafi hann verið með verki í brjóstakassa hægra megin og átt vont með að anda. Við skoðun á hálsi hafi verið væg skert hliðarsveigja og snúningur til vinstri. Væg þreifíeymsli hafi verið báðum megin hryggsúlu á hálsi. Eðlilegar hreyfingar hafi verið um brjóstþrygg en eymsli milli rifja nr. sex til átta hægra megin við brjóstbein, á mótum brjóstakassa og beins. Stefnandi hafi gengið eðlilega og skoðun á ganglimum verið eðlileg. Hann hafi ekki komist niður á hækjur sér vegna mjóbbaksverkja. Eymsli

hafi verið vinstra megin hryggsúlu á hæð við fyrsta og annan hryggjarlið í mjóbaki og væg eymsli yfir hryggsúlu á sama stað. Greiningar hafi verið tognun á háls- og lendarhrygg. Hafi stefnandi fengið ráðleggingar um verkjastillandi og bólgueyðandi lyf og varðandi vinnustöðu og hvíld.

6. Stefnandi leitaði á heilsugæslu 10. febrúar 2022 og fékk þá beiðni frá heimilislækni um sjúkraþjálfun þar sem fram kemur að stefnandi hafi lent í umferðarslysi 12 dögum áður. Hafi hann ekki fundið til einkenna fyrsta daginn en daginn eftir slysið hafi hann byrjað að finna verki um mitt bak og neðar og liggi verkurinn meira hægra megin. Hann sé þreifiaumur yfir paraspinal vöðvum hægra megin í mjóbaki og mjög stífur í hamstrings en ekki sé um að ræða dofa eða brjóskeisvæðingunni niður í ganglimi.
7. Í vottorði sérnámslæknis á Heilsugæslu Seltjarnarness, dags. 12. september 2022, segir um almennt heilsufar stefnanda að hann sé almennt hraustur og ekki á neinum föstum lyfjum miðað við upplýsingar úr sjúkraskrá er nái aftur til ársins 1999. Hann hafi leitað á heilsugæsluna í gegnum árin út af tilfallandi vandamálum en ekki glímt við bakverki eða önnur langvinn stoðkerfisvandamál fyrir áreksturinn 30. janúar 2022. Í vottorðinu kemur fram að stefnandi hafi komið á heilsugæsluna 10. febrúar, 12. apríl og 8. september 2022 í tengslum við einkenni í kjölfar umferðarslyss. Hafi stefnandi verið í reglulegri sjúkraþjálfun frá því að hann lenti í bílslysinu. Yfirleitt sé hann góður í þrjá til fjóra daga eftir sjúkraþjálfun en síðan fari bakverkir aftur að trufla hans daglega líf. Lýsi stefnandi staðbundnum verk í baki og séu óþægindin meiri hægra megin. Við skoðun hafi hreyfigeta í mjóbaki verið eðlileg en tekið hafi í við beygju, fettu og hliðarsnúning. Þreifieymsli hafi verið paravertebral í mjóbaki, verri hægra megin, og töluverð eymsli paravertebral í neðanverðum brjósthrygg hægra megin. Hafi stefnandi verið metinn með langvinna bakverki. Hann sé vinnufær en bakverkir hafi mikil áhrif á vinnugetu hans.
8. Í vottorði sjúkraþjálfara, dags. 28. september 2022, kemur fram að stefnandi hafi leitað til hans 15. mars 2022 sökum stoðkerfisverkja sem hafi verið áberandi í mjóbaki og brjóstbaki eftir umferðarslys 31. janúar 2022. Niðurstöður skoðunar á mjóbaki bendi til tognunar og skertrar getu mjúkvæfs við neðstu lendarhryggjarliði. Líklega sé um að ræða ertingu bogaliða neðst í mjóbaki og við thoracolumbal mót til beggja hliða, þó verri hægra megin. Þá bendi skoðun til líklegrar tognunar mjúkvæfja í neðra til miðbrjóstbaki og sé úthald á stöðugleikavöðvum ásamt varnarspennu í vöðvum neðra til miðbrjóstbaks skert. Einkenni stefnanda teljist vera krónísk og megi ætla að hann þurfi á áframhaldandi meðferð heilbrigðisaðila að halda.

9. Samkvæmt bréfi sjúkráþjálfarans, dags. 15. september 2023, hafði stefnandi á þeim tíma sótt 46 meðferðartíma til sjúkráþjálfarans og lýsti hann enn sambærilegum einkennum og áður. Samkvæmt yfirliti útprentuðu 27. ágúst 2024 var stefnandi enn í reglulegri meðferð hjá sjúkráþjálfa í ágúst sl.
10. Í tjónstilkynningu stefnanda til stefnda vegna árekstursins, dags. 6. febrúar 2022, kemur m.a. fram að ekki hafi verið sjáanlegt tjón á bifreiðinni [...] og samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum nam kostnaður vegna viðgerðar á bifreiðinni 166.883 krónum.
11. Í kjölfar þess að stefnda barst tjónstilkynning stefnanda óskaði stefndi eftir hraða- og höggútreikningi (PC-Crash) vegna árekstursins. Í skýrslu um þann útreikning, dags. 22. febrúar 2022, kemur m.a. fram að líklegasta gildi fyrir hröðun bifreiðarinnar [...] við áreksturinn sé 7,7 m/sek<sup>2</sup> og líklegasta gildi fyrir þyngdarhröðun þeirrar bifreiðar við áreksturinn sé 0,79 g. Eftir að skýrslan lá fyrir var bótaskyldu hafnað af hálfu stefnda.
12. Stefnandi skaut þeirri ákvörðun stefnda til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í úrskurði nefndarinnar, dags. 20. desember 2022, segir m.a.:

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem staðfesta að [stefnandi] leitaði til læknis vegna bakverkja daginn eftir árekstur þar sem ekið var aftan á bifreið sem hann ók hinn 30. janúar 2022. Hvað varðar hraða- og höggútreikning í svokallaðri PC-Crash skýrslu verður ekki litið framhjá því að hennar er einhliða aflað af [stefnda], en ekki liggur fyrir t.d. mat dómkvaddis matsmanns á þyngdarkrafti. Þó skýrslan lýsi litlum þyngdarkrafti árekstursins verða ekki dregnar víðtækar almennar ályktanir af sönnunargagni sem er einhliða aflað án þess að litið sé til annarra gagna. [Stefnandi] hefur reglulega leitað læknisaðstoðar eftir áreksturinn og fengið tilvísun og sótt sjúkráþjálfunarmeðferð vegna einkenna frá baki. Í læknisvottorði kemur auk þess fram að [stefnandi] hafi ekki leitað læknis áður vegna slíkra einkenna. Í ljósi þeirrar samfellu sem hefur verið í læknisvitjunum og meðferð [stefnanda] vegna bakverkja sem og að slík einkenni voru ekki þekkt áður hjá honum, sem og að tæpt ár er liðið frá árekstrinum, verður að telja nokkrar líkur á að [stefnandi] hafi hlotið varanlegt líkamstjón vegna árekstursins og á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar [...], að því marki sem niðurstöður matsgerða sýna.
13. Sama dag og úrskurðurinn var kveðinn upp lýsti stefndi því yfir að hann hafnaði niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar.
14. Þá hafnaði stefndi einnig fyrirspurn stefnanda 3. febrúar 2023 um hvort stefndi myndi standa sameiginlega með stefnanda að mati, þar sem sett yrði í hendur matsmanna að meta orsakatengsl og afleiðingar umferðarslyssins.
15. Undir rekstri málsins fyrir dómi, 16. ágúst 2023, var Ármann Gylfason verkfræðingur dómkvaddur á grundvelli beiðni stefnda til að leggja mat á hraða bifreiðanna [...] og [...] þegar umræddur árekstur varð, sem og þá þyngdarhröðun sem verkað hefði á stefnanda

sem ökumann í umferðarslysi því sem málið varðar. Í niðurstöðu matsgerðar hins dómkvadda matsmanns, dags. 31. ágúst 2023, segir m.a. að líklegasti mismunur á hraða bifreiðanna [...] og [...] við áreksturinn hafi verið 7,9 km/klst. Jafnframt að líklegasta þyngdarhröðun til að hafa verkað á stefnanda við áreksturinn hafi verið 10,7 m/s<sup>2</sup> eða 1,1 g þar sem  $g = 9,81 \text{ m/s}^2$  vísi til þyngdarhröðunar jarðar.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnanda**

16. Stefnandi byggir á því að stefndi beri bótaskyldu vegna tjóns er stefnandi varð fyrir við áreksturinn 30. janúar 2022 og vísar í því sambandi til meginreglu skaðabótaréttarins um fullar bætur til handa tjónþola, sem og ákvæða 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 8. gr. og 1. mgr. 19. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatriggingar. Óumdeilt sé að ökutækið [...] hafi verið með gilda ábyrgðartryggingu ökutækis hjá stefnda þegar áreksturinn átti sér stað og þar af leiðandi sé stefndi greiðsluskyldur vegna þess tjóns er stefnandi varð fyrir í slysinu. Afleiðingar slyssins hafi ekki verið metnar og því sé krafa stefnanda viðurkenningarkrafa, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, sem heimili málshöfðun til að leita viðurkenningardóms um kröfu hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands.
17. Gögn málsins sýni að stefnandi hafi sannanlega orðið fyrir heilsutjóni vegna slyssins. Verði því að telja að stefnandi hafi hlotið varanlegt líkamlegt tjón vegna slyssins og eigi lögvarða hagsmuni af því að leita dóms um viðurkenningu á bótaskyldu vegna þess.
18. Læknisfræðileg gögn málsins færi fullnægjandi sönnur fyrir orsakatengslum milli slyssins og þeirra einkenna og líkamstjóns sem stefnandi glími við. Strax degi eftir slysið, þ.e. 31. janúar 2022, hafi stefnandi farið á Læknavaktina vegna háls- og bakverkja og verið greindur með tognun á háls- og lendarhrygg. Stefnandi hafi leitað á heilsugæslu 10. febrúar 2022 og lýst þar einkennum sem hann reki til slyssins. Hafi hann við skoðun reynst vera aumur í vöðvum hægra megin í mjóbaki og í kjölfarið hafi hann fengið beiðni í sjúkrahjálfun. Hafi fyrsti tími hans í sjúkrahjálfun verið 15. mars 2022, einum og hálfum mánuði eftir slysið, og við útgáfu stefnu hafi stefnandi mætt í 32 meðferðartíma hjá sjúkrahjálfara frá slysinu. Niðurstaða skoðunar sjúkrahjálfara sé sú að stefnandi hafi hlotið tognun í mjóbaki og brjóstbaki. Um sé að ræða krónísk einkenni og muni stefnandi þurfa á áframhaldandi meðferð heilbrigðisaðila að halda.
19. Stefnandi hafi tvisvar sinnum leitað til heimilislæknis eftir komuna á heilsugæsluna 10. febrúar 2022. Annars vegar 12. apríl 2022 og hafi hann þá enn verið að glíma við

einkenni eftir umrætt slys. Hins vegar 8. september 2022 og hafi hreyfigeta í mjóbaki þá við skoðun verið eðlileg en tekið í við beygju, fetu og hliðarsnúning, auk þess sem þreifeymsli hafi verið paravertebral í mjóbaki og töluverð eymsli paravertebral í neðanverðum brjósthrygg hægra megin. Í læknisvottorði komi fram að um sé að ræða langvinna bakverki sem hafi mikil áhrif á vinnugetu stefnanda. Af því sem rakið hafi verið sé ljóst að samfella sé í skráningu einkenna stefnanda hjá læknum eða meðferðaraðilum frá slysi.

20. Þá komi fram í læknisvottorði að samkvæmt sjúkraskrá stefnanda, sem náí aftur til ársins 1999, hafi stefnandi almennt verið hraustur og ekki á neinum föstum lyfjum. Hann hafi leitað á heilsugæslu í gegnum árin vegna tilfallandi vandamála en ekki glímt við bakverki eða önnur langvinn stoðkerfisvandamál fyrir bílslysið 30. janúar 2022.
21. Stefnandi telur læknisfræðileg gögn staðfesta að orsakatengsl séu fyrir hendi milli líkamstjóns hans og umferðarslyssins 30. janúar 2022 og bendir á að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi komist að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl væru milli slyssins og tjóns hans. Eigi hann því rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá stefnda.
22. Þá byggir stefnandi enn fremur á því að svokölluð PC-Crash-skýrsla, sem aflað hafi verið einhliða af hálfu stefnda, hafi takmarkað sönnunargildi og hnekki með engu móti niðurstöðu heilbrigðisaðila sem hafi ritað þau læknisfræðilegu gögn sem liggja fyrir í málinu. Mat á afleiðingum slyss sé einstaklingsbundið og verði að horfa til fjölda þátta hverju sinni varðandi það hvort líkamstjón hafi orðið og hvert umfang þess sé. Þrátt fyrir að áreksturinn yrði talinn hafa verið vægur hafi hann haft í för með sér líkamlegar afleiðingar fyrir stefnanda, eins og gögn málsins beri með sér.

### **Helstu málsástæður og lagarök stefnda**

23. Stefndi telur óljóst hvort það skilyrði fyrir viðurkenningarmáli sé uppfyllt að stefnandi hafi af því lögvarða hagsmuni, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991. Skilyrði viðurkenningardóms um skaðabótaskyldu sé að sýnt sé fram á tjón og í hverju það sé fólgið og hvíli sönnunarbyrðin óskipt á stefnanda um að hann hafi lögvarða hagsmuni af því að höfða viðurkenningarmál. Auk þess telur stefndi málatilbúnað stefnanda vera svo vanreifaðan að hann uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991.
24. Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að ósannað sé að orsakatengsl séu á milli árekstursins og þeirra einkenna sem stefnandi reki til hans. Stefnandi beri sönnunarbyrði um orsök tjónsins en hafi hvorki sýnt fram á né sannað að orsakatengsl séu á milli þeirra einkenna sem hann búi við og umferðarslyssins 30. janúar 2022. Að mati stefnda sé

ósannað að líkamlegt ástand stefnanda megi rekja til árekstursins. Ekkert liggi fyrir í málinu sem staðfesti að stefnandi hafi orðið fyrir varanlegu líkamlegu heilsutjóni eftir umrætt slys og hafi hann verið að fullu vinnufær eftir slysið.

25. Engin læknisfræðileg gögn liggi fyrir frá september 2022 og byggi vottorð lækna og annarra meðferðaraðila eingöngu á frásögn stefnanda sem ekki sé studd neinum hlutlægum rannsóknum. Þá liggi ekki fyrir ítarlegt vottorð bæklunarlæknis eða örorkumat hæfra, óvilhallra sérfræðinga sem staðfesti orsakatengsl á milli slyssins og þeirra einkenna sem stefnandi reki til þess.
26. Að auki séu þau einkenni sem stefnandi búi við ekki sértæk fyrir afleiðingar umferðarslyss. Um sé að ræða sömu einkenni og hrjái marga Íslendinga án þess að slys hafi komið til. Með vísan til læknisfræðilegra gagna sé heldur ekkert sem bendi til þess að verkir í mjóðaki tengist umræddum árekstri.
27. Við mat á orsakatengslum þurfi jafnframt að líta til þess hversu þungu höggi stefnandi hafi orðið fyrir við áreksturinn. Bendir stefndi í því samhengi á niðurstöður svokallaðrar PC-Crash-skýrslu þar sem fram komi að höggið sem verkaði á bifreið stefnanda hafi verið 0,79 g. Af því megi ráða að þeir kraftar sem hafi verkað á líkama stefnanda af högginu hafi að öllum líkindum verið minni en við það að setjast niður.
28. Þá beri gögn málsins með sér að hvorug bifreiðanna hafi skemmst og bendi þannig ekkert til harkalegrar ákeyrslu. Kostnaður vegna viðgerðar á bifreið stefnanda vegna umferðaróhappsins hafi verið samanlagt 166.883 krónur, sem bendi til þess að ekki hafi verið um mikið högg að ræða á bifreið stefnanda. Telja verði ómögulegt að svo lítið högg hafi valdið þeim afleiðingum sem stefnandi glími við. Fjölmargar rannsóknir hafi sýnt fram á að við væg högg af árekstri eigi ökumaður eða farþegar bifreiðar sem fengið hafi á sig höggið ekki að geta orðið fyrir varanlegu líkamstjóni og ljóst sé af dómaframkvæmd að lítið hafi verið til hraðaútreiknings bifreiða.

### **Niðurstaða**

29. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála er heimilt að höfða mál til að leita viðurkenningardóms um kröfu, enda hafi aðili lögvarða hagsmuni af því að skorið sé úr um tilvist eða efni réttinda eða réttarsambands. Áskilnaður ákvæðisins um lögvarða hagsmuni hefur í dómaframkvæmd verið skýrður svo að sá er höfðar mál til viðurkenningar á skaðabótaskyldu verði að leiða nægar líkur að því að hann hafi orðið fyrir tjóni og gera grein fyrir því í hverju tjón hans felist og hver tengsl þess séu við atvik máls, sbr. t.a.m. dóm Hæstaréttar frá 23. febrúar 2012 í máli nr. 76/2012.

30. Eins og rakið hefur verið kemur fram í fyrirbyggjandi gögnum heilbrigðisstarfsmanna að stefnandi, sem almennt hafi verið hraustur og ekki glímt við bakverki eða önnur langvinn stoðkerfisvandamál, hafi strax daginn eftir árekstur þann sem málið varðar leitað til læknis vegna einkenna í mjóbaki, hálsi og brjóstkassa og þá verið greindur með tognun á háls- og lendarhrygg. Einnig hafi stefnandi leitað til læknis 10. febrúar, 12. apríl og 8. september 2022 vegna einkenna er hann fann í kjölfar árekstursins. Læknir hafi strax 10. febrúar 2022 beint stefnanda í sjúkraþjálfun og hafi hann allt frá miðjum mars 2022 verið í sjúkraþjálfum og sé enn vegna stoðkerfisverkja sem hafi verið áberandi í mjóbaki og brjóstbaki. Skoðun sjúkraþjálfara hafi m.a. bent til tognunar í mjúkvefjum við lendarhrygg og brjóstbak. Um sé að ræða langvinna bakverki.
31. Með vísan til framangreindra gagna heilbrigðisstarfsmanna verður talið að stefnandi hafi nægilega sýnt fram að uppfyllt séu skilyrði 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991 til að hann geti höfðað mál þetta með þeim dómkröfum sem hafðar eru uppi af hans hálfu. Þá telur dómurinn málatilbúnað stefnanda uppfylla öll skilyrði 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Verður því efnisdómur lagður á málið.
32. Ágreiningur aðila lýtur einkum að því hvort af hálfu stefnanda hafi verið sýnt fram á að líkamlegt ástand hans megi rekja til árekstursins 30. janúar 2022 þegar bifreið, sem tryggð var lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda, var ekið aftan á bifreið er stefnandi ók.
33. Stefnandi telur, með vísan til þeirra gagna heilbrigðisstarfsmanna sem gerð er grein fyrir hér að framan, að sýnt hafi verið fram á að hann hafi hlotið varanlegt líkamlegt tjón vegna árekstursins.
34. Stefndi byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli árekstursins og þeirra einkenna sem stefnandi reisir kröfur sínar á. Fyrirbyggjandi gögn nægi ekki til að staðfesta orsakatengsl milli slyssins og líkamlegs ástands stefnanda. Að auki hafi lítið högg átt sér stað við áreksturinn, svo lítið að telja megi ómögulegt að það hafi valdið þeim afleiðingum sem stefnandi glími við. Vísar stefndi þessu til stuðnings hvort tveggja til svokallaðrar PC-Crash-skýrslu og matsgerðar dómkvadds matsmanns, Ármanns Gylfasonar verkfræðings.
35. Eins og rakið er að framan var það niðurstaða matsgerðar dómkvadds matsmanns. að líklegasti mismunur á hraða bifreiðanna [...] og [...] hafi verið 7,9 km/klst. við árekstur þann sem málið varðar og að líklegasta þyngdarhröðun til að hafa verkað á stefnanda sem ökumann bifreiðarinnar [...] hafi þá verið 1,1 g.

36. Hinn dómkvaddi matsmaður gaf skýrslu fyrir dómi og lýsti því að 1 g samsvaraði þyngdarhröðun jarðar en tók fram að erfitt væri að átta sig á því um hvers konar hröðun hefði verið að ræða sem verkaði á stefnanda því um hefði verið að ræða högg. Hægt væri að framkvæma hröðun af þessari stærðargráðu með ýmiss konar hætti, t.d. með því að hlamma sér í stól. Í tilviki því sem málið varðar hefði verið um óviðbúið högg að ræða og því erfitt að lýsa nákvæmlega hver upplifunin væri í slíku tilviki.
37. Samkvæmt því sem liggur fyrir í málinu verður að mati dómsins að leggja til grundvallar að áreksturinn hafi verið vægur. Mat á afleiðingum slyss er á hinn bóginn einstaklingsbundið. Jafnvel þó lögð yrði til grundvallar niðurstaða dómkvadds matsmanns um hraðamun bifreiðanna og þá hröðun sem verkaði á bifreiðina sem stefnandi ók verður að horfa til þess að það getur ráðist af fjölda þátta hverju sinni hvort líkamstjón verður og hvert umfang þess er, sbr. m.a. hvort einstaklingur er viðbúinn hreyfingu eða um sé að ræða óviðbúið högg.
38. Af þeim gögnum heilbrigðisstarfsmanna sem liggja fyrir í málinu verður ráðið að stefnandi hafi í kjölfar árekstursins glímt við langvarandi líkamleg einkenni sem áhrif hafa haft á vinnugetu hans og leitt til langtíma sjúkraþjálfunarmedferðar. Að mati dómsins, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni á sviði bæklunarlækninga, samrýmast þau einkenni stefnanda sem lýst er í gögnum málsins tognun í mjúkvefjum, sem geta verið afleiðing aftanákeyrslu, jafnvel þó um vægan árekstur sé að ræða. Er það álit dómsins að þau líkamlegu einkenni sem stefnandi hefur fundið fyrir allt frá því daginn eftir að áreksturinn varð, og sem hann glímir enn við, megi rekja til umferðarslyssins og séu afleiðingar þess.
39. Að framangreindu virtu er það mat dómsins að stefnandi hafi sýnt nægilega fram á að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið verði til umferðarslyss er hann varð fyrir 30. janúar 2022. Verður því fallist á kröfu hans um viðurkenningu bótaskyldu.
40. Samkvæmt úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, eins og nánar greinir í dómSORði. Við ákvörðun málskostnaðar er litið til umfangs málsins og að nokkru höfð hliðsjón af tímaskýrslu lögmanns stefnanda.
41. Kristján Ágúst Flygenring lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Heiður Heimisdóttir lögmaður fyrir stefnda.
42. Stefanía G. Sæmundsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan ásamt Ágústi Kárasyni bæklunarlækni og Páli Ágústi Ásgeirssyni vélaverkfræðingi. Dómsformaður tók við

meðferð málsins 19. desember 2023 en hafði fram að þeim tíma engin afskipti haft af meðferð þess.

**Dómsorð:**

Viðurkennd er bótaskylda stefnda, Sjóvár-Almennra trygginga hf., vegna líkamstjóns sem stefnandi, A, varð fyrir í umferðarslysi 30. janúar 2022.

Stefndi greiði stefnanda 2.300.000 krónur í málskostnað.